

# **Orkuveita Reykjavíkur**

**Samstæða**

**Samandreginn árshlutareikningur**

**1. janúar til 30. júní 2008**

Orkuveita Reykjavíkur  
Bæjarhálsi 1  
110 Reykjavík

Kt. 551298-3029

# Efnisyfirlit

---

	bls.		bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .....	3	Eiginfjáryfirlit .....	7
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .....	4	Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Rekstrarreikningur .....	5	Skýringar .....	9
Efnahagsreikningur .....	6		

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrtækið er sjálfstætt þjónustufyrtæki sem rekur rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

Árshlutareikningurinn fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Orkuveitunnar og dótturfyrtækja. Árshlutareikningur þessi hefur verið kannaður af óháðum endurskoðanda fyrirtækisins.

Tap af rekstri Orkuveitu Reykjavíkur á tímabilinu nam 16.406 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 218.265 milljónum króna, bókfært eigið fé í lok tímabilsins er 71.798 milljónir króna og er eiginfjárluhlutfall samstæðunnar 32,9%.

Í upphafi tímabilsins sem og í lok þess voru eigendur móðurfyrtækisins þrír, en þeir eru: Eignarhluti

Reykjavíkurborg .....	93,539%
Akraneskaupstaður .....	5,528%
Borgarbyggð .....	0,933%

Alþingi samþykkti á vorþingi breytingar á ýmsum lögum á orkusviði með gildistöku 1. júlí 2009. Þessar breytingar fela það meðal annars í sér að skipta þarf fyrirtækinu upp þannig að sérleyfisstarfsemi og samkeppnisstarfsemi sé rekin í aðskildum fyrirtækjum. Hafinn er undirbúningur að þessari skiptingu.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Að áliti stjórnar og forstjóra gefur árshlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. júní 2008 og rekstrarafkomu samstæðunnar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu.

Það er jafnframt álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar hafi að geyma glögg yfirlit um þróun og rekstrarárangur samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008.

Reykjavík, 29. ágúst 2008.

Í stjórn fyrirtækisins:











Forstjóri:



# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og eigenda Orkuveitu Reykjavíkur.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008, sem hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur fyrirtækisins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að árshlutareikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu fyrirtækisins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2008 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 29. ágúst 2008.

KPMG hf.



# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2008

	Skýr.	2008 1.1.-30.6.	2007 1.1.-30.6.
Rekstrartekjur .....		11.369.208	10.450.442
Orkukaup .....	(	1.977.555)	( 2.054.181)
Laun og launatengd gjöld .....	4 (	1.896.430)	( 1.638.318)
Annar rekstrarkostnaður .....	(	1.679.006)	( 1.433.378)
Afskriftir .....	5 (	3.308.474)	( 2.789.922)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<u>2.507.743</u>	<u>2.534.643</u>
Vaxtatekjur .....		474.004	85.324
Vaxtagjöld .....	(	3.024.334)	( 1.407.400)
(Gjöld) tekjur af fjáreignum og fjárskuldum .....	(	19.636.846)	8.822.527
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	6 (	22.187.176)	<u>7.500.451</u>
Áhrif hlutdeildarfélaga .....		13.858	0
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(	19.665.575)	<u>10.035.094</u>
Tekjuskattur .....	7	3.259.920	( 1.836.808)
<b>(Tap) hagnaður tímabilsins</b>	(	<u>16.405.655</u>	<u>8.198.286</u>
<b>Skipting (taps) hagnaðar:</b>			
Eigendur fyrirtækisins .....	(	16.381.697)	8.191.680
Minnihluti í dótturfyrirtækjum .....	(	23.958)	6.606
<b>(Tap) hagnaður tímabilsins</b>	(	<u>16.405.655</u>	<u>8.198.286</u>

# Efnahagsreikningur 30. júní 2008

	Skýr.	30.6. 2008	31.12. 2007
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	173.191.069	163.453.087
Óefnislegar eignir .....	9	611.853	403.838
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....		864.667	831.339
Eignarhlutir í öðrum félögum .....		10.303.588	9.923.322
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum .....	10	19.118.414	8.154.304
Aðrar fjáreignir .....		225.441	140.848
Tekjuskattseign .....	11	390.330	190.443
Fastafjármunir samtals		204.705.362	183.097.181
Birgðir .....		1.443.499	969.092
Viðskiptakröfur .....		3.258.467	2.750.350
Aðrar fjáreignir .....		103.097	226.494
Aðrar skammtímakröfur .....		992.580	697.023
Handbært fé .....		7.762.472	3.751.013
Veltufjármunir samtals		13.560.115	8.393.972
<b>Eignir samtals</b>		218.265.477	191.491.153
<b>Eigið fé</b>			
Sérstakur endurmatsreikningur .....		23.374.919	23.374.919
Óráðstafað eigið fé .....		48.336.448	65.490.687
Eigið fé meirihlutaeigenda		71.711.367	88.865.606
Hlutdeild minnihluta .....		86.806	122.764
<b>Eigið fé samtals</b>		71.798.173	88.988.370
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....	13	135.238.736	88.032.626
Lífeyrisskuldbinding .....		403.854	395.338
Aðrar fjárskuldir .....		92.737	60.550
Tekjuskattsskuldbinding .....	11	1.667.009	4.716.084
Langtímaskuldir samtals		137.402.336	93.204.598
Viðskiptaskuldir .....		3.198.504	2.692.213
Vaxtaberandi skuldir .....	13	3.744.615	4.608.003
Aðrar fjárskuldir .....		130.778	122.474
Ógreiddir reiknaðir skattar .....		211	11.169
Aðrar skammtímaskuldir .....		1.990.860	1.864.326
Skammtímaskuldir samtals		9.064.968	9.298.185
<b>Skuldir samtals</b>		146.467.304	102.502.783
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		218.265.477	191.491.153

# Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2008

	Sérstakur endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé meirihluta- eigenda	Hlutdeild minnihluta	Samtals eigið fé
<b>1.1. - 30.6. 2008</b>					
Eigið fé 1. janúar 2008 .....	23.374.919	65.490.687	88.865.606	122.764	88.988.370
Tap tímabilsins .....		( 16.381.696)	( 16.381.696)	( 23.958)	( 16.405.654)
Aðrar breytingar .....				( 12.000)	( 12.000)
Greiddur arður .....		( 772.543)	( 772.543)		( 772.543)
Eigið fé 30. júní 2008 .....	23.374.919	48.336.448	71.711.367	86.806	71.798.173
<b>1.1. - 30.6. 2007</b>					
Eigið fé 31. desember 2006 .....	8.731.162	57.823.705	66.554.867	115.896	66.670.763
Breytingar vegna upptöku IFRS .....		2.687.759	2.687.759		2.687.759
Eigið fé 1. janúar 2007, endurgert .....	8.731.162	60.511.464	69.242.626	115.896	69.358.522
Hagnaður tímabilsins .....		8.191.680	8.191.680	6.606	8.198.286
Greiddur arður .....		( 761.769)	( 761.769)		( 761.769)
Eigið fé 30. júní 2007 .....	8.731.162	67.941.375	76.672.537	122.502	76.795.039

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2008

	2008 1.1.-30.6.	2007 1.1.-30.6.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
(Tap) hagnaður tímabilsins .....	( 16.405.654)	8.198.286
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	22.187.176	( 7.500.451)
Aðrir rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi .....	43.210	4.639.488
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum .....	( 568.020)	( 551.793)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	5.256.712	4.785.530
Innborgaðar vaxtatekjur .....	476.505	81.943
Greidd vaxtagjöld .....	( 2.323.226)	( 1.247.804)
Greiddslur vegna annarra fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....	129.701	199.319
Handbært fé frá rekstri	3.539.692	3.818.988
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum .....	( 12.824.750)	( 9.342.642)
Fjárfesting í hlutdeildarfélagum .....	( 215.558)	( 24.338)
Fjárfesting í öðrum fjáreignum .....	( 901.417)	0
Söluverð annarra fjáreigna .....	1.700	114.585
Fjárfestingarhreyfingar	( 13.940.025)	( 9.252.395)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Tekin ný langtímalán .....	27.883.032	3.257.366
Afborganir langtímaskulda .....	( 9.913.257)	( 649.194)
Greiddur arður .....	( 772.543)	( 761.769)
Skammtímalán, (lækkun) hækkun .....	( 2.785.440)	5.182.879
Fjármögnunarhreyfingar	14.411.792	7.029.282
<b>Hækkun á handbæru fé</b> .....	4.011.459	1.595.875
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....	3.751.013	253.171
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b> .....	7.762.472	1.849.046
<b>Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa:</b>		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	( 429.720)	( 1.536.032)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	0	153
Aðrar fjáreignir, breyting .....	0	( 153)
Skammtímaskuldir, breyting .....	429.720	1.536.032
<b>Aðrar upplýsingar:</b>		
Veltufé frá rekstri .....	3.792.802	4.380.075



# Efnisyfirlit skýringa

---

	bls.		bls.
1. Fyrirtækið .....	10	9. Óefnislegar eignir .....	17
2. Grundvöllur reikningsskilanna .....	10	10. Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum ...	18
3. Starfspáttayfirlit .....	11	11. Tekjuskattseign og -skuldbinding .....	18
4. Laun og launatengd gjöld .....	14	12. Eigið fé .....	19
5. Afskriftir .....	14	13. Vaxtaberandi skuldir .....	20
6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	14	14. Áhættustýring og fjármálagerningar .....	21
7. Tekjuskattur .....	15	15. Fyrirtæki í samstæðunni .....	26
8. Varanlegir rekstrarfjármunir .....	15	16. Önnur mál .....	26

# Skýringar

## 1. Fyrirtækið

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Samstæðureikningur fyrirtækisins geymir árshlutareikning móðurfyrirtækisins og dótturfyrirtækja þess, (sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“) og hlutdeild í hlutdeildarfélögum.

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við IAS 34, um árshlutareikninga. Samandreginn árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2007.

Stjórn fyrirtækisins staðfesti og heimilaði birtingu árshlutareikningsins 29. ágúst 2008.

### b. Matsaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2007. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá fyrirtækinu eða á vef þess; [www.or.is](http://www.or.is) og á vef Kauphallar Íslands; [www.omxgroup.com](http://www.omxgroup.com).

Reikningsskil samstæðunnar byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að:

- hluti varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið endurmetinn til gangvirðis.
- afleiðusamningar eru færðir á gangvirði.

### c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill fyrirtækisins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

### d. Mat og áætlanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð reikningsskila í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- skýring 8 - varanlegir rekstrarfjármunir
- skýring 10 - innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum

## Skýringar, frh.

### 3. Starfspáttayfirlit

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum samstæðunnar samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf fyrirtækisins. Rekstrarsviðin eru framleiðsla, dreifing og sala, auk annarrar starfsemi. Auk þess eru birtar upplýsingar eftir miðlum samstæðunnar sem eru rafmagn, heitt vatn, kalt vatn, fráveita og gagnaveita.

#### Rekstrarstarfsþættir - svið

	Framleiðsla	Dreifing	Sala	Önnur starfsemi	Jöfnunar- færslur	Samtals
<b>1.1. - 30.6. 2008</b>						
<i>Rekstur:</i>						
Tekjur frá þriðja aðila .....	1.575.853	2.944.481	6.692.362	156.512	0	11.369.208
Tekjur milli starfspátta .....	1.931.478	3.063.190	330.197	574.422	(5.899.287)	0
Tekjur samtals .....	<u>3.507.331</u>	<u>6.007.671</u>	<u>7.022.559</u>	<u>730.934</u>	<u>(5.899.287)</u>	<u>11.369.208</u>
Rekstrarhagnaður starfspátta ....	561.143	1.927.290	534.153	( 79.477)	0	2.943.109
Óskipt rekstrargjöld .....						( 435.366)
Rekstrarhagnaður .....						2.507.743
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....						(22.187.176)
Áhrif hlutdeildarfélaga .....						13.858
Tekjuskattur .....						3.259.920
Tap tímabilsins .....						<u>(16.405.655)</u>
<b>1.1. - 30.6. 2007</b>						
<i>Rekstur:</i>						
Tekjur frá þriðja aðila .....	1.447.063	2.491.305	6.132.636	379.438	0	10.450.442
Tekjur milli starfspátta .....	1.707.699	2.026.715	298.082	458.035	(4.490.531)	0
Tekjur samtals .....	<u>3.154.762</u>	<u>4.518.020</u>	<u>6.430.718</u>	<u>837.473</u>	<u>(4.490.531)</u>	<u>10.450.442</u>
Rekstrarhagnaður starfspátta ....	951.727	1.014.925	959.188	53.829	0	2.979.669
Óskipt rekstrargjöld .....						( 445.026)
Rekstrarhagnaður .....						2.534.643
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....						7.500.451
Tekjuskattur .....						( 1.836.808)
Hagnaður tímabilsins .....						<u>8.198.286</u>

## Skýringar, frh.

### 3. Starfsþáttayfirlit, frh.

#### Rekstrarstarfsþættir - svið, frh.

	Framleiðsla	Dreifing	Sala	Önnur starfsemi	Óskipt	Samtals
<b>1.1. - 30.6. 2008</b>						
<i>Efnahagur (30.6.2008):</i>						
Varanlegir rekstrarfjármunir ....	84.343.611	78.415.545	19.990	384.220	10.027.703	173.191.069
Óefnislegar eignir .....	0	0	0	180.935	430.918	611.853
Aðrar óskiptar eignir .....						44.462.555
Heildareignir .....						218.265.477
Óskiptar skuldir .....						146.467.304
<i>Fjárfestingar:</i>						
Varanlegir rekstrarfjármunir ....	9.631.892	3.105.695	0	36.008	251.270	13.024.865
Óefnislegar eignir .....	0	0	0	116.048	113.556	229.604
<i>Afskriftir:</i>						
Varanlegir rekstrarfjármunir ....	1.404.995	1.593.059	3.340	0	238.660	3.240.054
Óefnislegar eignir .....	0	0	0	0	68.420	68.420
<b>1.1. - 30.6. 2007</b>						
<i>Efnahagur (31.12.2007):</i>						
Varanlegir rekstrarfjármunir ....	77.251.497	76.542.354	46.163	375.272	9.237.801	163.453.087
Óefnislegar eignir .....	0	0	0	64.888	338.950	403.838
Aðrar óskiptar eignir .....						27.634.228
Heildareignir .....						191.491.153
Óskiptar skuldir .....						102.502.783
<i>Fjárfestingar:</i>						
Varanlegir rekstrarfjármunir ....	7.162.996	2.310.625	0	27.769	280.438	9.781.828
Óefnislegar eignir .....	0	0	0	0	75.259	75.259
<i>Afskriftir:</i>						
Varanlegir rekstrarfjármunir ....	1.053.848	1.429.189	19.732	31	216.037	2.718.837
Óefnislegar eignir .....	0	0	0	0	71.085	71.085

## Skýringar, frh.

### 3. Starfsþáttayfirlit, frh.

#### Rekstrarstarfsþættir - miðlar

	Rafmagn	Heitt vatn	Kalt vatn	Fráveita	Gagna-veita	Jöfnunar-færslur	Samtals
<b>1.1. - 30.6. 2008</b>							
<i>Tekjur:</i>							
Tekjur frá þriðja aðila .....	5.642.430	3.051.047	1.015.311	1.352.550	307.870	0	11.369.208
Tekjur milli starfsþátta .....	711.347	287.372	52.898	70.469	0	(1.122.086)	0
Tekjur samtals .....	6.353.777	3.338.419	1.068.209	1.423.019	307.870	(1.122.086)	11.369.208
<i>Eignir (30.6.2008):</i>							
Varanlegir rekstrarfjármunir	82.656.885	41.860.852	14.122.835	27.719.291	6.831.206	0	173.191.069
Óefnislegar eignir .....	215.028	287.803	37.059	71.963	0	0	611.853
Óskiptar eignir .....							44.462.555
Heildareignir .....							218.265.477
<i>Fjárfestingar:</i>							
Varanlegir rekstrarfjármunir	9.089.106	2.365.630	370.786	602.852	596.491	0	13.024.865
Óefnislegar eignir .....	55.415	144.664	9.993	19.532	0	0	229.604
<i>Afskriftir:</i>							
Varanlegir rekstrarfjármunir	1.224.266	1.049.119	252.179	531.702	182.788	0	3.240.054
Óefnislegar eignir .....	26.141	21.318	6.566	14.395	0	0	68.420
<b>1.1. - 30.6. 2007</b>							
<i>Tekjur:</i>							
Tekjur frá þriðja aðila .....	5.213.930	2.886.837	992.904	1.094.971	261.800		10.450.442
Tekjur milli starfsþátta .....	597.244	248.646	39.631	52.794		( 938.315)	0
Tekjur samtals .....	5.811.174	3.135.483	1.032.535	1.147.765	261.800	( 938.315)	10.450.442
<i>Eignir (31.12.2007):</i>							
Varanlegir rekstrarfjármunir	73.487.182	41.741.690	14.090.805	27.715.907	6.417.503	0	163.453.087
Óefnislegar eignir .....	168.805	110.248	41.191	83.594	0	0	403.838
Óskiptar eignir .....							27.634.228
Heildareignir .....							191.491.153
<i>Fjárfestingar:</i>							
Varanlegir rekstrarfjármunir	7.028.996	1.532.979	300.086	439.508	480.259	0	9.781.828
Óefnislegar eignir .....	31.458	20.546	7.676	15.579	0	0	75.259
<i>Afskriftir:</i>							
Varanlegir rekstrarfjármunir	1.093.695	796.011	221.222	480.487	127.422	0	2.718.837
Óefnislegar eignir .....	22.956	24.509	7.499	16.121	0	0	71.085

## Skýringar, frh.:

### 4. Laun og launatengd gjöld

	2008	2007
<i>Laun og launatengd gjöld greinast þannig:</i>	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Laun .....	1.899.610	1.660.690
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	235.649	208.397
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	18.353	16.064
Önnur launatengd gjöld .....	146.538	128.817
Laun og launatengd gjöld samtals .....	2.300.150	2.013.968

#### *Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í árshlutareikninginn:*

Gjaldfært í rekstrarreikningi .....	1.896.430	1.638.318
Eignfært á framkvæmdir .....	403.720	375.650
Laun og launatengd gjöld samtals .....	2.300.150	2.013.968

### 5. Afskriftir

#### *Afskriftir greinast þannig:*

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. 8. skýringu .....	3.240.054	2.718.837
Afskriftir óefnislegra eigna, sbr. 9. skýringu .....	68.420	71.085
Afskriftir færðar í rekstrarreikning .....	3.308.474	2.789.922

### 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

#### *Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:*

Vaxtatekjur .....	474.004	85.324
Vaxtagjöld .....	( 2.900.903)	( 1.330.830)
Ábyrgðargjald til eigenda .....	( 123.431)	( 76.570)
Vaxtagjöld samtals .....	( 3.024.334)	( 1.407.400)
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum .....	10.801.045	1.140.220
Gangvirðisbreytingar hlutabréfa .....	( 37.718)	0
Gengismunur og framvirkir gjaldmiðlasamningar .....	( 30.400.174)	7.682.308
(Gjöld) tekjur af fjáreignum og fjárskuldum samtals .....	( 19.636.846)	8.822.527
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....	( 22.187.176)	7.500.451

Fjármagnskostnaður vegna byggingar á orkuveri að fjárhæð 275 millj. kr., er eignfærður og hefur verið færður til lækkunar á fjármagnsgjöldum.

Fjármagnskostnaður vegna virkjanaframkvæmda og annarra framkvæmda er eignfærður á fjárfestinguna á byggingartíma, eða þar til eignin er komin í tekjuberandi ástand. Miðað er við meðalvexti lánakörfu OR auk álags vegna ábyrgðargjalds til eigenda. Þetta hlutfall er 4,21% á ársgrundvelli, sem reiknað var af heildarfjárbindingunni á hverjum tíma.

## Skýringar, frh.:

### 7. Tekjuskattur

Orkuveita Reykjavíkur var undanþegin tekjuskatti, en með lögum nr. 50/2005 um skattskyldu orkufyrirtækja varð fyrirtækið skattskyldt í samræmi við 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Lögin komu til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2007 vegna tekna á árinu 2006. Sá hluti starfsemi fyrirtækisins er lýtur að rekstri vatnsveitu og fráveitu er þó áfram undanskilinn tekjuskatti.

Í maí síðastliðnum var samþykkt breyting á lögum um tekjuskatt sem fól í sér lækkun á tekjuskattshlutfalli úr 26% í 23,5% og öðlaðist þessi lagabreyting gildi frá og með 1. janúar 2008. Áhrif lækkaðs skatthlutfalls í upphafi árs nemur 456 milljónum króna og er lækkunin tekjufærð í rekstrarreikningi á tímabilinu.

<i>Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:</i>	2008	2007
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Breyting á frestuðum tekjuskatti sem færður er í rekstrarreikning .....	( 3.259.920)	1.836.808
<i>Virkt skatthlutfall greinist þannig:</i>	2008	2007
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt .....	( 19.665.575)	10.035.094
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli .....	23,5% ( 4.621.410)	26,0% 2.609.124
Breyting á tekjuskattshlutfalli .....	2,3% ( 455.557)	
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu og fráveitu .....	( 8,8%) 1.723.296	( 6,3%) ( 628.751)
Aðrir liðir .....	( 0,5%) 93.751	( 1,4%) ( 143.565)
Virkur tekjuskattur .....	16,6% ( 3.259.920)	18,3% 1.836.808

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### *Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:*

	Framleiðslu- kerfi	Dreif- kerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausafjármunir	Samtals
<b>1.1. - 30.6. 2008</b>					
<b>Heildarverð</b>					
Staða í ársbyrjun .....	112.503.139	138.979.119	8.935.691	4.589.086	265.007.035
Endurflokkun eigna .....	272.626	( 116.328)	( 42.958)	( 64.440)	48.900
Viðbætur á tímabilinu .....	9.610.480	3.016.614	302.552	95.219	13.024.865
Staða í lok tímabilsins .....	122.386.245	141.879.405	9.195.285	4.619.865	278.080.800
<b>Afskriftir</b>					
Staða í ársbyrjun .....	34.657.781	63.034.380	1.598.458	2.263.329	101.553.948
Endurflokkun eigna .....	91.051	34.849	( 770)	( 29.401)	95.729
Afskrifað á tímabilinu .....	1.455.180	1.573.108	98.318	113.448	3.240.054
Staða í lok tímabilsins .....	36.204.012	64.642.337	1.696.006	2.347.376	104.889.731
<b>Bókfært verð</b>					
Bókfært verð 1.1.2008 .....	77.845.358	75.944.739	7.337.233	2.325.757	163.453.087
Bókfært verð 30.6.2008 .....	86.182.233	77.237.068	7.499.279	2.272.489	173.191.069
Þar af eignir í byggingu í lok tímab. ...	18.701.905	0	0	0	18.701.905

## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

	Framleiðslu- kerfi	Dreif- kerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausafjármunir	Samtals
<b>1.1. - 31.12. 2007</b>					
<b>Heildarverð</b>					
Staða í ársbyrjun .....	75.661.692	127.517.196	8.614.674	4.246.748	216.040.310
Endurflokkun eigna .....	316.423 (	421.864) (	3.584)	109.025	0
Viðbætur á árinu .....	15.049.991	5.671.345	324.601	233.313	21.279.250
Selt og aflagt á árinu .....	( 646.876) (	1.474.000) (	0	0	( 2.120.876)
Sérstakt endurmat .....	22.121.909	7.686.442	0	0	29.808.351
Staða í árslok .....	112.503.139	138.979.119	8.935.691	4.589.086	265.007.035
<b>Afskriftir</b>					
Staða í ársbyrjun .....	25.380.305	57.352.782	1.412.551	1.925.861	86.071.499
Endurflokkun eigna .....	52.370 (	154.307) (	3.772)	105.709	0
Afskrifað á árinu .....	2.090.770	2.896.048	189.679	231.759	5.408.256
Selt og aflagt á árinu .....	( 128.182) (	740.514) (	0	0	( 868.696)
Sérstakt endurmat .....	7.262.518	3.680.371	0	0	10.942.889
Staða í árslok .....	34.657.781	63.034.380	1.598.458	2.263.329	101.553.948
<b>Bókfært verð</b>					
Bókfært verð 1.1.2007 .....	50.281.387	70.164.414	7.202.123	2.320.887	129.968.811
Bókfært verð 31.12.2007 .....	77.845.358	75.944.739	7.337.233	2.325.757	163.453.087
Þar af eignir í byggingu í árslok .....	11.004.598	0	0	0	11.004.598

#### Hitaréttindi

Meðal varanlegra rekstrarfjármuna eru færðar jarðeignir fyrirtækisins. Þessum jarðeignum fylgja hitaréttindi. Eignir þessar eru færðar á kostnaðarverði og hefur ekki verið skipt upp í hitaréttindi annars vegar og jarðeignir hins vegar. Bókfært verð þessara eigna í lok tímabilsins er 1.706 milljónir kr. (31.12. 2007: 1.675 milljónir kr.).

#### Sérstakt endurmat

Í árslok 2006 var framkvæmt sérstakt endurmat á dreifikerfum hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu. Það endurmat leiddi til hækkunar á bókfærðu verði þessara eigna að fjárhæð 10.097 milljónir kr. Í árslok 2007 var þetta endurmat framkvæmt að nýju og leiddi það til hækkunar á bókfærðu verði þessara eigna að fjárhæð 4.006 milljónir kr.

Í árslok 2007 var framkvæmt sérstakt endurmat á framleiðslukerfum samstæðunnar og náði til eigna sem notaðar eru til framleiðslu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni. Það endurmat leiddi til hækkunar á bókfærðu verði þessara eigna að fjárhæð 14.859 milljónir kr.

Við endurmatið eru viðkomandi eignaflokka metnir til gangvirðis. Framangreindar hækkanir eru færðar á sérstakan endurmatssreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á frestaðan tekjuskatt.

Gangvirði framleiðslueigna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnsverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar. Við þennan útreikning var stuðst við opinberar upplýsingar og rauntölur úr bókhaldi samstæðunnar um verðbreytingar á kostnaðarliðum og tekið tillit til áætlunar um vægi hvers kostnaðarliðar í heildarkostnaði við byggingu samskonar eigna. Kostnaðarliðir og hlutfallslegt vægi þeirra var ákvarðað af sérfræðingum innan og utan fyrirtækisins.

Sömu aðferð er beytt við ákvörðun á gangvirði dreifikerfa sem hafa verið metin sérstöku endurmati. Endurmetin dreifikerfi eru nýtt í starfsemi sem er háð sérleyfi og tekjumörk miða fyrst og fremst við breytingar á byggingarvísitölu. Tekið er tillit til þess við ákvörðun gangvirðis.



## Skýringar, frh.:

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

#### Skuldbindingar

Í maí 2008 gerði fyrirtækið samning um kaup á búnaði til virkjanaframkvæmda. Gert er ráð fyrir því að búnaðurinn verði afhentur á árunum 2010 og 2011. Fjárhæð samningsins miðað við gengi á reikningsskiladegi er 14,2 milljarðar kr. Auk þess hefur fyrirtækið gert innkaupa- og verksamninga vegna framkvæmda við framleiðslu- og dreifikerfi. Eftirstöðvar þessara samninga þann 30. júní 2008 eru áætlaðar 3 milljarðar kr.

### 9. Óefnislegar eignir

#### Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Undirbúnings- kostnaður	Hugbúnaður	Samtals
<b>1.1. - 30.6. 2008</b>			
<b>Heildarverð</b>			
Staða í ársbyrjun .....	64.888	1.107.268	1.172.156
Endurflokkun eigna .....	0	11.350	11.350
Eignfært á tímabilinu .....	116.048	113.556	229.604
Staða í lok tímabilsins .....	180.936	1.232.174	1.413.110
<b>Afskriftir</b>			
Staða í ársbyrjun .....	0	768.318	768.318
Endurflokkun eigna .....	0	( 35.481)	( 35.481)
Afskrifað á tímabilinu .....	0	68.420	68.420
Staða í lok tímabilsins .....	0	801.257	801.257
<b>Bókfært verð</b>			
Bókfært verð 1.1.2008 .....	64.888	338.950	403.838
Bókfært verð 30.6.2008 .....	180.936	430.917	611.853
<b>1.1. - 31.12. 2007</b>			
<b>Heildarverð</b>			
Staða í ársbyrjun .....	0	960.229	960.229
Eignfært á árinu .....	64.888	147.039	211.927
Staða í árslok .....	64.888	1.107.268	1.172.156
<b>Afskriftir</b>			
Staða í ársbyrjun .....	0	638.274	638.274
Afskrifað á árinu .....	0	130.044	130.044
Staða í árslok .....	0	768.318	768.318
<b>Bókfært verð</b>			
Bókfært verð 1.1.2007 .....	0	321.955	321.955
Bókfært verð 31.12.2007 .....	64.888	338.950	403.838

## Skýringar, frh.:

### 10. Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum

Gerðir hafa verið þrjár raforkusölusamningar til 20 ára við Norðurál vegna álversins á Grundartanga, sem og samningar við Landsnet hf. um flutning á rafmagninu. Orkuveitan og Norðurál hafa einnig gert með sér raforkusölusamning vegna raforkusölu til fyrirhugaðs álvers í Helguvík, og er stefnt að afhendingu orku fyrir fyrsta áfangann árið 2010. Raforkusölusamningar þessir eru gerðir í dollurum og er verð á rafmagninu tengt heimsmarkaðsverði á áli.

Ofangreindir raforkusölusamningar fela í sér innbyggðar afleiður, þar sem tekjur af þeim eru háðar breytingum á heimsmarkaðsverði á áli í framtíðinni. Í samræmi við ákvæði IAS 39 um fjármálagerninga hefur gangvirði þessara innbyggðu afleiða vegna Grundartanga verið metið og fært í árs hlutareikninginn.

Þar sem markaðsverð á þessum innbyggðu afleiðum liggur ekki fyrir hefur verið lagt mat á gangvirði þeirra með viðurkenndum matsaðferðum. Ákvarðað hefur verið vænt núvirt greiðsluflæði samnings á uppgjörstegi, m.v. framvirkt verð á áli á LME (London Metal Exchange) á uppgjörstegi og væntinga um verðþróun á áli til næstu 30 ára samkvæmt mati CRU, óháðum matsaðila, eins og það liggur fyrir á uppgjörstegi. Frá þessu virði hefur verið dregið vænt núvirt greiðsluflæði samnings á uppgjörstegi miðað við forsendur um álverð sem lágu til grundvallar á upphafsdegi samnings. Mismunurinn er gangvirðisbreyting afleiðunnar. Gengið er út frá því að afleiðan hafi ekkert virði á upphafsdegi samnings.

Innbyggðar afleiður þeirra orkusölusamninga sem færðir eru í árs hlutareikninginn eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á gangvirði á reikningsskiladegi og gangvirðisbreyting á árinu er færð í rekstrarreikning meðal tekna af fjáreignum.

Á sama hátt er reiknað gangvirði innbyggðra afleiða vegna raforkusölusamninga sem ekki eru komnir til framkvæmda og óvissa ríkir um. Gangvirði þeirra er samtals 7.837 milljónir kr. þann 30.6.2008 (31.12.2007: 2.885 milljónir kr.) og er það ekki fært í árs hlutareikninginn.

#### *Gangvirði innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum greinast þannig í árs hlutareikningi:*

	30.6.2008	31.12.2007
Gangvirði innbyggðra afleiða í ársbyrjun .....	8.154.304	3.699.990
Breyting á gangvirði á tímabilinu .....	10.964.110	4.454.314
Gangvirði innbyggðra afleiða í lok tímabils .....	19.118.414	8.154.304

### 11. Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding

#### *Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:*

1.1. - 30.6. 2008	Skatteign	Skattskuld	Nettó
Tekjuskattseign/-skuld í ársbyrjun .....	190.443	4.716.084	( 4.525.641)
Reiknaður tekjuskattur tímabilsins .....	199.887	( 3.060.033)	3.259.920
Aðrar breytingar .....	0	10.958	( 10.958)
Tekjuskattseign/-skuld í lok tímabilsins .....	390.330	1.667.009	( 1.276.679)

## Skýringar, frh.:

### 11. Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding, frh.

1.1. - 31.12. 2007	Skatteign	Skattskuld	Nettó
Tekjuskattseign/-skuld í ársbyrjun .....	1.480.889	0	1.480.889
Áhrif af sérstöku endurmati fastafjármuna .....	0	4.221.705	( 4.221.705)
Reiknaður tekjuskattur ársins .....	( 1.290.446)	503.871	( 1.794.317)
Tekjuskattur til greiðslu .....	0	( 11.169)	11.169
Aðrar breytingar .....	0	1.677	( 1.677)
Tekjuskattseign/-skuld í árslok .....	190.443	4.716.084	( 4.525.641)

#### *Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:*

	30.6.2008		31.12.2007	
	Skatteign	Skattskuld	Skatteign	Skattskuld
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	96.190	3.509.506	156.362	3.845.752
Innbyggðar afleiður .....	0	4.492.827	0	2.120.119
Aðrir liðir .....	6.045	( 154.610)	5.841	( 140.765)
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi .....	288.095	( 6.180.714)	28.240	( 1.109.022)
Tekjuskattseign/-skuld í lok tímabilsins .....	390.330	1.667.009	190.443	4.716.084

### 12. Eigið fé

Það er stefna fyrirtækisins að eiginfjárstaða þess sé sterk til að styðja við stöðugleika og framtíðarþróun starfseminnar. Arðgreiðslur hafa verið ákveðnar sem ákveðið hlutfall óráðstafaðs eigin fjár óháð afkomu viðkomandi árs. Eigendafundur tekur ákvörðun um arðgreiðslur.

Stjórn fyrirtækisins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárlutfalli. Ávöxtun eigin fjár reyndist vera neikvæð um 33,6% á tímabilinu 1.1. til 30.6. 2008 (1.1. til 30.6. 2007: jákvæð um 25,2%).

## Skýringar, frh.:

### 13. Vaxtaberandi skuldir

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum samstæðunnar, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Frekari upplýsingar um vaxtaáhættu og gjaldmiðlagengisáhættu eru veittar í skýringu 14.

	30.6.2008	31.12.2007
<b>Langtímaskuldir</b>		
Skuldir við lánastofnanir .....	131.835.015	83.695.057
Skuldabréfaútgáfa .....	7.148.336	6.738.653
	<u>138.983.351</u>	<u>90.433.710</u>
Afborganir langtímaskulda næstu 12 mánuði .....	( 3.744.615)	( 2.401.084)
	<u>135.238.736</u>	<u>88.032.626</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Afborganir langtímaskulda næstu 12 mánuði .....	3.744.615	2.401.084
Skuldir við lánastofnanir .....	0	2.206.919
	<u>3.744.615</u>	<u>4.608.003</u>
Vaxtaberandi skuldir samtals .....	<u>138.983.351</u>	<u>92.640.629</u>

#### Skilmálar vaxtaberandi skulda

	Lokagjalddagi	30.6. 2008		31.12. 2007	
		Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar
<b>Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:</b>					
Skuldir í CHF .....	26.6.2036	2,94%	26.617.175	2,94%	19.248.482
Skuldir í EUR .....	26.6.2036	4,98%	58.675.593	3,67%	34.751.351
Skuldir í USD .....	10.3.2028	2,94%	18.461.372	4,46%	11.738.228
Skuldir í JPY .....	26.6.2036	1,07%	12.906.829	1,05%	9.358.629
Skuldir í GBP .....	26.6.2036	6,14%	3.020.251	6,29%	2.463.379
Skuldir í SEK .....	5.10.2027	4,84%	10.788.992	4,35%	8.082.088
Skuldir í CAD .....	13.12.2011	3,31%	1.149.473	5,36%	65.658
			<u>131.619.685</u>		<u>85.707.815</u>
<b>Skuldir í íslenskum krónum:</b>					
Verðtryggðar .....	10.1.2037	5,16%	7.363.666	4,98%	6.932.814
			<u>7.363.666</u>		<u>6.932.814</u>
Vaxtaberandi skuldir samtals .....			<u>138.983.351</u>		<u>92.640.629</u>

#### Afborganir langtímalána greinast þannig:

	30.6.2008	31.12.2007
Afborganir 2008/2009 .....	3.744.615	2.401.084
Afborganir 2009/2010 .....	2.441.030	3.012.120
Afborganir 2010/2011 .....	6.546.630	2.345.727
Afborganir 2011/2012 .....	12.372.733	5.055.364
Afborganir 2012/2013 .....	18.294.506	5.295.980
Síðar .....	<u>95.583.837</u>	<u>72.323.435</u>
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. afborgan næstu 12 mánaða .....	<u>138.983.351</u>	<u>90.433.710</u>

#### Ábyrgðir og veðsetningar

Eigendur móðurfyrirtækisins eru í hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldum og skuldbindingum samstæðunnar. Samstæðan hefur ekki veðsett eignir sínar til tryggingar á skuldum.

## 14. Áhættustýring og fjármálagerningar

### a. Yfirlit

Orkuveita Reykjavíkur hefur samþykkt stefnu um markmið og framkvæmd áhættustjórnunar. Meginmarkmið áhættustýringar samkvæmt stefnunni er að stuðla að stöðugri afkomu og lágmarka fjármagnskostnað með því að lágmarka sveiflur í gengi og álverði og stuðla að lágu vaxtastigi.

Gengisáhætta samstæðunnar er tengd áhættu í sjóðstreymi og áhættu í efnahagsreikningi. Vaxtaáhætta tengist þróun breytilegra vaxta og fastra vaxta og getur hvort heldur tengst sjóðstreymi eða efnahagsreikningi. Áhætta vegna þróunar álverðs er af völdum tengingar orkuverðs til stóriðju við álverð og tengist sjóðstreymi af orkusölu til stóriðju.

Fylgst er með gengisáhættu samstæðunnar bæði í sjóðstreymi og efnahagsreikningi með viðurkenndum reikniaðferðum. Árlegt staðalfrávik og dagleg fjárhæð í húfi (value at risk) fyrir skuldir og áætlað sjóðstreymi í erlendum myntum er mælt. Með sama hætti er fylgst með áhættu í sjóðstreymi af völdum verðbreytinga áls og vaxta.

Í stefnunni er áhætta skilgreind og árangursmælikvarðar settir. Stjórn fyrirtækisins fær reglulega yfirlit um stöðu og árangur áhættustýringar samstæðunnar.

Ákvörðunartaka og eftirlit með framkvæmd áhættustýringarinnar er hjá áhættunefnd. Í áhættunefnd sitja forstjóri, framkvæmdastjóri Fjármála, sviðsstjóri Fjár- og áhættustýringarviðs og sviðsstjóri Fjármálasviðs.

Fjárhagsleg áhætta greinist í:

- Markaðsáhættu
- Lausafjáraáhættu
- Lánsáhættu

### b. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, álverðs og vaxta hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjármálagerninga. Þetta er sú áhætta sem vegur langþyngst hjá samstæðunni og greinist í:

- Gjaldeyrisáhættu vegna skulda í efnahagsreikningi og sjóðstreymis í erlendri mynt.
- Vaxtaáhættu vegna lána
- Áhættu vegna breytinga á heimsmarkaðsverði á áli.

#### (i) Gjaldeyrisáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna sölusamninga, innkaupa og langtímalána í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum (ISK). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru evra (EUR), svissneskir frankar (CHF), japanskir jen (JPY) og sænskar krónur (SEK).

Af langtímalánum samstæðunnar eru um 95% í erlendum gjaldmiðlum og mynda því gengisáhættu. Þessi gengisáhætta er varin í samræmi við stefnu fyrirtækisins um áhættustýringu þar sem vegin er saman vaxtakostnaður lánanna og gengisáhætta. Vaxtastig lána í erlendum gjaldmiðlum var umtalsvert lægra en lána í íslenskum krónum.

Gengi helstu gjaldmiðla var eftirfarandi á tímabilinu:	Meðalgengi		Uppgjörsgengi	
	2008 1.1.-30.6	2007 1.1.-31.12	30.6.2008	31.12.2007
CHF .....	68,460	53,339	77,390	55,503
EUR .....	109,923	87,601	124,350	91,955
USD .....	71,705	64,016	78,965	62,405
JPY .....	0,684	0,544	0,744	0,557
GBP .....	141,542	128,072	157,190	125,050
SEK .....	11,725	9,470	13,108	9,743
CAD .....	71,266	59,750	77,510	63,655

## Skýringar, frh.:

### 14. Áhættustýring og fjármálagerningar, frh.

#### Mögulegt tap vegna gjaldeyrisáhættu

Gjaldeyrisáhætta samstæðunnar miðað við nafnverðsfjárhæðir er eftirfarandi (fjárhæðir í þúsundum króna):

	CHF	EUR	USD	JPY	GBP	Aðrir gjaldmiðlar
<b>30.6.2008</b>						
Vaxtaberandi						
skuldir .....	( 26.617.175)	( 58.675.593)	( 18.461.372)	( 12.906.829)	( 3.020.251)	( 11.938.465)
Viðskiptaskuldir .....		( 313.590)	( 117.154)			( 52.881)
Viðskiptakröfur .....	200		498.767		1.560	12.087
Bankainnstæður .....	853	14.427	153.136	303.516	581	1.596
Álafleiður .....			19.118.414			
Áhætta í efnahagsreikningi	( 26.616.122)	( 58.974.756)	1.191.791	( 12.603.313)	( 3.018.110)	( 11.977.663)
Áætluð sala 2008 .....			4.861.747			
Áætluð kaup 2008 ...		( 2.781.208)	( 223.297)	( 823.289)	( 2.175)	( 129.854)
Áhætta utan efnahagsreiknings	0	( 2.781.208)	4.638.450	( 823.289)	( 2.175)	( 129.854)
Skiptasamningar .....	( 776.808)	1.109.317	0	393.256	( 665.156)	( 80.848)
Framv. samningar ....	( 23.910)	( 351.584)	( 1.077.777)	( 66.793)	( 239.110)	( 378.228)
Nettó áhætta	( 27.416.840)	( 60.998.231)	4.752.464	( 13.100.139)	( 3.924.551)	( 12.566.593)
<b>31.12.2007</b>						
Vaxtaberandi						
skuldir .....	( 19.248.482)	( 34.751.351)	( 11.738.228)	( 9.358.630)	( 2.463.379)	( 8.147.745)
Viðskiptaskuldir .....	( 143)	( 123.224)	( 27.021)	0	( 670)	( 11.589)
Viðskiptakröfur .....			275.299			1.559
Bankainnstæður .....	1.925	557.967	273.259	623	2.000	2.007
Álafleiður .....			8.154.304			
Áhætta í efnahagsreikningi	( 19.246.700)	( 34.316.608)	( 3.062.387)	( 9.358.007)	( 2.462.049)	( 8.155.768)
Áætluð sala 2008 .....			2.492.966			
Áætluð kaup 2008 ...		( 1.645.850)		( 683.954)		
Áhætta utan efnahagsreiknings	0	( 1.645.850)	2.492.966	( 683.954)	0	0
Skiptasamningar .....	( 468.225)	526.172	437.746	386.777	( 1.037.912)	0
Framv. samningar ....	( 19)	( 350)	( 234)	( 34)	( 121)	( 186)
Nettó áhætta	( 19.714.944)	( 35.436.636)	( 131.909)	( 9.655.218)	( 3.500.082)	( 8.155.954)

#### Næmnigreining

Styrking íslensku krónunnar um 10% gagnvart eftirfarandi gjaldmiðlum myndi hækka (lækka) eigið fé og afkomu eins árs um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist stöðugar miðað við stöðu í lok tímabilsins. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árslok 2007.

	Hagnaður eða (tap)	
	30.6.2008	31.12.2007
CHF .....	1.969.593	1.424.256
EUR .....	4.364.132	2.539.429
USD .....	( 668.111)	226.617
JPY .....	932.645	692.493
GBP .....	223.340	182.192
Aðrir gjaldmiðlar .....	886.347	603.527

## Skýringar, frh.:

### 14. Áhættustýring og fjármálagerningar, frh.

#### (ii) Vaxtaáhætta

Langtímalán og vaxtaskiptasamningar samstæðunnar eru að mestu leyti með breytilegum vöxtum. Vaxtaberandi fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar greinast með eftirfarandi hætti í lok tímabilsins:

<b>Fjármálagerningar með fasta vexti</b>	30.6.2008	31.12.2007
Fjárskuldir .....	12.400.799	10.775.934
<b>Fjármálagerningar með fljótandi vexti</b>		
Fjáreignir .....	101.337	37.590
Fjárskuldir .....	126.698.531	82.052.627
	<u>126.597.194</u>	<u>82.015.037</u>

#### **Næmnigreining gangvirðis fjármálagerninga með fasta vexti**

Fjármálagerningar samstæðunnar með fasta vexti eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, auk þess sem afleiðusamningar (þ.e. gjaldmiðlaskiptasamningar) eru ekki tilgreindir í áhættuvarnarsambandi sem gangvirðisvarnir. Því eiga vaxtabreytingar á uppgjörsteggi ekki að hafa áhrif á rekstrarreikning samstæðunnar.

#### **Næmnigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með breytilega vexti**

Breyting á vöxtum á uppgjörsteggi um 100 punkta myndi hækka (lækka) eigið fé og afkomu eins árs um neðangreindar fjárhæðir. Þessi greining byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi gjaldmiðla, haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sama hætti árið 2007.

	Afkoma	
	100 p hækkun	100 p lækkun
<b>30.6.2008</b>		
Fjármálagerningar með breytilega vexti .....	( 1.784.116)	1.883.507
<b>31.12.2007</b>		
Fjármálagerningar með breytilega vexti .....	( 958.175)	999.368

#### (iii) Álverðsáhætta

Samstæðan hefur gert raforkusölusamninga þar sem söluverð á raforku byggir m.a. á markaðsverði áls á heimsmarkaði. Samstæðan hefur ekki varið sig sérstaklega fyrir breytingum á álverði. Tekjur af raforkusölusamningum sem tengdir eru álverði námu 13,3% af heildartekjum samstæðunnar á tímabilinu.

#### **Næmnigreining**

Breyting á álverði um 10% í lok tímabilsins, til hækkunar eða lækkunar hefði eftirfarandi áhrif á hagnað eða tap samstæðunnar eftir skatta.

	Hagnaður eða (tap)	
	30.6.2008	31.12.2007
Hækkun um 10%.....	6.068.872	3.109.583
Lækkun um 10%.....	( 6.068.872)	( 3.109.583)

## Skýringar, frh.:

### 14. Áhættustýring og fjármálagerningar, frh.

#### (iv) Önnur markaðsverðsáætla

Önnur markaðsáætla er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum er óverulegur hluti af starfsemi samstæðunnar.

#### c. Lausafjárásáætla

Lausafjárásáætla er hætta á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor fyrirtækisins.

Ábyrgð eigenda á lánum fyrirtækisins og góð lánsþæfiseinkunn hefur auðveldað fyrirtækinu aðgang að lánsfé á góðum kjörum. Fyrir ábyrgð eigenda greiðir fyrirtækið 0,25% ábyrgðargjald af höfuðstól lána á hverjum tíma. Virkjunarframkvæmdir á Hellisheiði hafa fyrst og fremst verið fjármagnaðar með lánum frá Evrópska fjárfestingabankanum (EIB), Þróunarbanka Evrópu (CEB) og Norræna fjárfestingabankanum (NIB) en allir þessir bankar hafa lýst áhuga á að taka áframhaldandi þátt í fjármögnun framkvæmda á sviði jarðvarmavirkjana eins og Hellisheiðarvirkjun er. Lánstími lánanna er langur og hefur verið ákvarðaður í samræmi við langtímasamninga um raforkusölu, til að takmarka endurfjármögnunaráhættu fyrirtækisins.

Samstæðan átti í lok tímabilsins handbært fé að fjárhæð um 7,8 milljarða króna. Jafnframt átti samstæðan ónýttar lánsheimildir og opna lánalínu upp á samtals um 13,9 milljarða króna. Samtals átti samstæðan þannig tryggt lausafé í lok tímabilsins upp á um 21,7 milljarða króna. Samsvarandi fjárhæð í árslok 2007 nam um 23 milljörðum króna.

#### Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldir væntanlegar vaxtagreiðslur, greinast þannig:

	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðsflæði	Mínna en 1 ár	1 - 2 ár	2-5 ár	Meira en 5 ár
<b>30.6. 2008</b>						
<i>Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður</i>						
Vaxtaberandi skuldir .....	138.983.351	(193.293.677)	(15.428.262)	(7.650.682)	(45.392.099)	(124.822.634)
<i>Fjármálagerningar sem eru afleiður</i>						
Gjaldmiðaskipta- samningar .....	20.239	(68.849)	(32.290)	(25.682)	(42.564)	31.687
	<u>139.003.590</u>	<u>(193.362.526)</u>	<u>(15.460.552)</u>	<u>(7.676.364)</u>	<u>(45.434.663)</u>	<u>(124.790.947)</u>
<b>31.12.2007</b>						
<i>Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður</i>						
Vaxtaberandi skuldir .....	92.640.629	(133.391.720)	(8.378.826)	(6.596.026)	(22.626.844)	(95.790.024)
<i>Fjármálagerningar sem eru afleiður</i>						
Gjaldmiðaskipta- samningar .....	155.442	(236.417)	(136.629)	(26.949)	(61.015)	(11.824)
	<u>92.796.071</u>	<u>(133.628.137)</u>	<u>(8.515.455)</u>	<u>(6.622.975)</u>	<u>(22.687.859)</u>	<u>(95.801.848)</u>

Gert er ráð fyrir endurfjármögnun langtímalána til lengingar lánstíma. Því má gera ráð fyrir að dreifing afborgana verði önnur en að ofan greinir.



## Skýringar, frh.:

### 14. Áhættustýring og fjármálagerningar, frh.

#### d. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar væri einkum vegna viðskiptakrafna. Tap vegna vangoldinna krafna er óverulegt og hefur takmörkuð áhrif á afkomu samstæðunnar.

*Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í lok tímabilsins:*

	30.6.2008	31.12.2007
Viðskiptakröfur .....	3.258.467	2.750.350
Aðrar skammtímakröfur .....	992.580	697.023
Aðrar fjáreignir .....	328.538	367.342
Handbært fé .....	7.762.472	3.751.013
	<u>12.342.057</u>	<u>7.565.728</u>

*Mesta mögulega tap vegna viðskiptakrafna á reikningskiladegi eftir viðskiptavinum:*

	30.6.2008	31.12.2007
Viðskiptakröfur, stórnotendur .....	554.474	190.515
Viðskiptakröfur, smásala .....	2.703.993	2.559.835
	<u>3.258.467</u>	<u>2.750.350</u>

#### Virðisrýrnun

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla í lok tímabilsins:

	30.6.2008		31.12.2007	
	Brúttó staða	Niðurfærsla	Brúttó staða	Niðurfærsla
Ógjaldfallnar kröfur .....	2.591.187	39.838	2.080.265	49.096
Gjaldfallnar kröfur .....	766.794	59.676	769.599	50.418
	<u>3.357.981</u>	<u>99.514</u>	<u>2.849.864</u>	<u>99.514</u>

#### e. Gangvirði

*Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði*

Gangvirði og bókfært verð fjáreigna og fjárskulda greinast þannig:

	30.6.2008		31.12.2007	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir .....	(138.983.351)	(138.983.351)	(92.640.629)	(92.640.629)
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum .....	19.118.414	19.118.414	8.154.304	8.154.304
Gjaldmiðlaskiptasamningar (SWAP) .....	(20.239)	(20.239)	(155.442)	(155.442)
Framvirkir gjaldmiðlaskiptasamningar .....	(101.939)	(101.939)	152.995	152.995

Gangvirði hefur ekki verið ákvarðað fyrir vaxtaberandi skuldir.

#### Vextir við mat á gangvirði

Þar sem við á er notaður vaxtaferill á uppgjörsdegi þegar vænt sjóðsstreymi er núvirt. Vextirnir greinast þannig:

	30.6.2008	31.12.2007
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum .....	2,46%-4,97%	3,81%-5,03%

## Skýringar, frh.:

### 15. Fyrirtæki í samstæðunni

*Eignarhlutir í dótturfyrirtækjum sem eru innifalin í samstæðureikningnum greinast þannig:*

	Meginstarfsemi	Nafnverð	Eignarhlutur	
			31.3.2008	31.12.2007
Gagnaveita Reykjavíkur ehf. ....	Gagnaflutningar	3.536.841	100,0%	100,0%
Hitaveita Akraness og Borgarfj ..... Hrafnabjargavirkjun .....	Hitaveita Undirbúningsfyrirtæki	6.000	79,3% 60,0%	79,3% 60,0%
NCI fjarskipti og orka ehf. ....	Án rekstrar	3.000	100,0%	100,0%
Reykjavík Energy Invest ehf. ....	Fjárfestingarfyrirtæki	3.004.723	100,0%	100,0%
Úlfjótsvatn frítímabyggð ehf. ....	Undirbúningsfyrirtæki	225.000	100,0%	100,0%
REYST hf. ....	Orkuskipti	10.500	99,9%	

#### *Helstu breytingar á samstæðunni á tímabilinu*

Í febrúar 2008 stofnaði Orkuveita Reykjavíkur ásamt Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík fyrirtækið REYST hf. Tilgangur fyrirtækisins er að færa samfélaginu sérfræðipækkingu á sviði sjálfbærrar orku með kennslu og rannsóknum á alþjóðavísu.

### 16. Önnur mál

Orkuveita Reykjavíkur keypti á árinu 2007 16,58% eignarhlut í Hitaveitu Suðurnesja hf. Samkvæmt samningi milli Orkuveitu Reykjavíkur og Hafnarfjarðarbæjar skuldbatt Orkuveitan sig til að kaupa til viðbótar alla hluti Hafnarfjarðarbæjar í Hitaveitu Suðurnesja, samtals 1.133.356.000 kr. að nafnvirði á genginu 7. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 18. desember 2007 að selja Orkuveitu Reykjavíkur 95% hlut af eignarhlut bæjarins í Hitaveitu Suðurnesja. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitisins nr. 23/2008 eru eftirfarandi ákvörðunarorð. „Með heimild í 16. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, beinir Samkeppniseftirlitið eftirfarandi fyrirmælum til Orkuveitu Reykjavíkur. Orkuveitu Reykjavíkur er óheimilt að eiga meira en 3% eignarhlut í Hitaveitu Suðurnesja. Orkuveita Reykjavíkur skal gera breytingar á eignarhaldi sínu í Hitaveitu Suðurnesja fyrir ...“. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur áformar að leita réttarúræða til að fá ákvörðun Samkeppniseftirlitisins hnekk.

Með vísan til ákvörðunar Samkeppniseftirlitisins telur stjórn Orkuveitu Reykjavíkur sér ekki heimilt að uppfylla samning sinn við Hafnarfjarðarbæ um kaup á 95% eignarhlut bæjarins í Hitaveitu Suðurnesja. Hafnarfjarðarbær hefur stefnt Orkuveitu Reykjavíkur til innheimtu á söluandvirði samningsins og var málið þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 28. apríl 2008.